

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulag í Akraneskaupstað.

*Deiliskipulag, Krókatún – Vesturgata, Vesturgata 69A.*

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkti þann 7. október 2015, breytingu á deiliskipulaginu Krókatún – Vesturgata.

Í breytingunni er staðsetningu dælustöðvar fráveitu breytt á þann veg að afmörkuð er ný lóð (Vesturgata 69A) sjávarmegin við Vesturgötu 69. Einnig er gert ráð fyrir að endurgera og færa varnargarð utan við göngustíg.

Deiliskipulagsbreytingin er gerð skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

*Akranesi, 4. nóvember 2015.*

**Sigurður P. Harðarson**, sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.

---

B-deild – Útgáfud.: 18. nóvember 2015